Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 140

Dags. 29.10.2020

Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps
Fundur nr. 140

Fimmtudaginn 29. október 2020, kl. 18:00 var í Ásgarði haldinn fundur í skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps.

Viðstaddir voru: Maríanna H. Helgadóttir, Elís Guðmundsson, Þórarinn Jónsson og Sigurður H. Ólafsson skipulags- og byggingarfulltrúi. Karl Magnús Kristjánsson oddviti sat fundinn.

Helena Ósk Óskarsdóttir aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa ritaði fundargerð.

Eftirfarandi erindi voru tekin fyrir á fundinum:

Skipulagsmál:

1. **Umsóknir um stofnun lóða – Hjalli, L126099**
   Óskað er eftir stofnun þriggja lóða og breytingu stærðar á einni lóð.

   Afgreiðsla: *Samþykkt, með fyrirvara um að umsókn sé undirrituð af eiganda eða eigendum upprunafasteignar, sbr. 14. gr. laga nr. 6/2001.*

2. **Umsókn um landskipti – Blönduholt, L125911**
   Umsókn um landskipti.

   Afgreiðsla: *Samþykkt, með fyrirvara um að umsókn sé undirrituð af eiganda eða eigendum upprunafasteignar, sbr. 14. gr. laga nr. 6/2001.*

3. **Deiliskipulag frístundabyggðar við Sandsá, Eyjar II .**
   Lögð fram breytt tillaga að áður auglýstu deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 42. gr. Skipulagslaga. Erindi var síðast á dagskrá á fundi 139.
   Í uppfærðri greinargerð deiliskipulagsins hefur verið komið til móts við þær umsagnir sem bárust frá opinberum aðilum. Athugasemdir bárust frá almenningi, þar sem í megin atriðum er mótmælt frekari uppbyggingu og þéttingu sumarhúsabyggðarinnar við Meðalfellsvatn. Umrætt svæði er í Aðalskipulagi skilgreint undir frístundabyggð. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

   Afgreiðsla: Nefndin leggur til við hreppsnefnd að samþykkja breytta tillögu þar sem helgunarsvæði vegna hitaveitulagnar verði amk 6 metrar.
   Tillagan er óbreytt í grundvallaratriðum og þarfnast ekki auglýsingar samanber 4. mgr. 41. gr.

Byggingarmál:

1. **Hamrar 4, L126226** – Umsókn um byggingarleyfi fyrir 173,8 m^2 frístundarhúsi skv. meðfylgjandi uppdráttum 10.05.2013. Nýtingarhlutfall 0,035.
   Afgreiðsla: *Synjað. Samræmist ekki aðalskipulagi.*

2. **Eilífsdalur 6, L227851** – Umsókn um byggingarleyfi fyrir 104,1 m^2 frístundarhúsi skv. meðfylgjandi uppdráttum dags. 14.10.2020. Nýtingarhlutfall 0,016.
   Afgreiðsla: *Byggingaráform samþykkt, með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar*

3. **Hlíð 15, L126215** – Umsókn um byggingarleyfi fyrir 39,9 m^2 viðbyggingu við frístundarhús skv. meðfylgjandi uppdráttum 17.07.2015. Heildarmagn bygginga eftir viðbyggingu er 91,6 m^2 Nýtingarhlutfall 0,02.
   Afgreiðsla: *Byggingaráform samþykkt, með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar.*

4. **Eyjar II** – Fyrirspurn um breytta notkun húsnæðis.
   Breyting á fjárhúsi í húsnæði undir matvælaframleiðslu.
   Afgreiðsla: *Jákvætt tekið í erindið*

Önnur mál:

1. **Gjaldskrá Kjósarhrepps** – Lagt fram.